



Jarðskautshola norðan Svartsengis


**Hjalti Franzson**

**Greinargerð HF-91-03**


## JARÐSKAUTSHOLA NORÐAN SVARTSENGIS

Í ágúst 1989 var boruð jarðskautshola við háspennumastur rétt norðan við orkuverið í Svartseugi. Bor Ræktunarsambands Flóa og Skeiða framkvæmdi verkið. Samkvæmt borskýrslu varð holan 63 m djúp. Borað var með 7,5" borkrónu niður í 6 m, þaðan með 6" í 19 m og að síðustu með 4" í 63 m dýpi. Holan var fóðruð með 6" í 6 m, 4" í 30 m og 3" í 48 m.


Á meðfylgjandi mynd er sýnt jarðlagasnið holunnar, en það byggir á greiningu svarfsýna sem tekin voru á 3 m bili í holunni. Efsta hraunlagið nær niður á um 5 m dýpi. Næsta hraunlag, sem nær niður á um 14 m dýpi, er jafnkorna basalt. Þriðja hraunlagið nær niður á um 18 m dýpi og er fínkorna og nokkuð dílótt. Dílarnir eru plagíóklas og ólivín, sem bendir til pikrít samsetningar. Engin svarfsýni náðust frá 18 m niður á um 30 m dýpi. Í borskýrslu er bergið laust í sér á þessu dýptarbili, og getur það bent til setlags. Þar fyrir neðan kemur í líklega dyngjumyndun (ólivín þóleiít) sem nær a.m.k. niður á botn holunnar. Hraunlagaskil sjást í sýnum milli 51 og 54 m dýpis. Merki um jarðhitavirkni eru engin, nema örlítið vottar fyrir óþal-skán í neðsta sýninu í 63 m dýpi.




### Skýringar við jarðlagasnið



Fersklegt fin-meðalkorna basalt



Fersklegt meðal-grófkorna basalt



Svarf vantar